

GJALDSKRÁ

Hollustuverndar ríkisins vegna sérstakrar þjónustu á sviði matvælaeftirlits.

1. gr.

Gjald fyrir útselda vinnu sérfræðinga.

Hollustuvernd ríkisins innheimtir 5.000 kr./klst. vegna sérstakrar þjónustu á sviði matvælaeftirlits. Tímar skulu taldir í heilum klukkustundum.

2. gr.

Gjald fyrir sérstaka þjónustu á sviði matvælaeftirlits.

Hollustuvernd ríkisins skal innheimta gjöld til að standa undir kostnaði við eftirfarandi þjónustu, sem hér segir:

- a. Vinnsla umsóknar, umfjöllun og veiting leyfis fyrir aukefni og bætiefni í matvæli, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 579/1993 með síðari breytingum. Innheimta skal tímagjald skv. 1. gr. sem nemur að lágmarki 15 klst. vinnu, vegna hvers efnis sem sótt er um, enda fylgi fullnægjandi gögn umsókninni. Reikningur fyrir lágmarksgjaldi skal gefinn út þegar umsókn er lögð fram og reikningur fyrir viðbótargjaldi þegar umsókn er afgreidd.
- b. Vinnsla umsóknar um efni sem notað er til þrifa og hreingerninga og inniheldur eiturefni og hættuleg efni, sbr. 2. tl. 4. gr. reglugerðar nr. 522/1994 með síðari breytingu. Innheimta skal tímagjald skv. 1. gr. fyrir 4 klst. vinnu vegna hvers efnis sem sótt er um, enda fylgi fullnægjandi gögn umsókninni. Reikningur skal gefinn út þegar umsókn er lögð fram.
- c. Vinnsla umsóknar um leyfi fyrir afmarkaða notkun erfðabreyttrar lífveru skv. 6. gr. reglugerðar nr. 330/1997 með síðari breytingum. Innheimta skal tímagjald skv. 1. gr. sem nemur að lágmarki 5 klst. vinnu. Reikningur skal gefinn út þegar skriflegt svar liggur fyrir.

3. gr.

Ferðakostnaður.

Stofnuninni er heimilt að innheimta ferða- og upphaldskostnað í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins.

4. gr.

Innheimta.

Eindagi gjalda er 30 dögum eftir útgáfu reiknings. Heimilt er að innheimta dráttarvexti sé skuld ekki greidd á eindaga. Um innheimtu fer að öðru leyti skv. 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

5. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi sem sett er skv. heimild í 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli öðlast gildi þegar við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 698/1996 yfir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins með síðari breytingum og gjaldskrá nr. 130/1989 vegna kostnaðar við umfjöllun um aukefni í matvælum á vegum Hollustuverndar ríkisins.

Umhverfissráðuneytinu, 2. janúar 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.